

Lestrarstefna Njarðvíkurskóla

Lestu meira, lestu betur!



Menntun - Mannrækt

Skólaárið 2018-2019

1	LESTRARSTEFNA NJARÐVÍKURSKÓLA	5
2	LESTRARMENNING	6
3	LESTUR.....	7
3.1	LESTRARKENNSLUADFERÐIR - 1. BEKKUR	7
3.2	HLJÓÐAAÐFERÐIN	7
3.3	RADDLESTUR.....	7
3.4	HLJÓÐLESTUR.....	7
3.5	SKIPTILESTUR	7
3.6	SPIL OG LEIKIR	7
3.7	YNDISLESTUR	8
3.8	KÓRLESTUR.....	8
3.9	NESTISLESTUR	8
3.10	LESTRARVINIR.....	8
3.11	KENNSLUFORRIT	8
3.12	LTG – AÐFERÐIN	8
3.13	HUGTAKAKORT	8
3.14	SAMLESTUR	9
3.15	PARALESTUR	9
3.16	MYNDASÖGUR/ENDURSÖGN.....	9
3.17	PALS	9
3.18	K-PALS	10
4	NEMENDUR MEÐ ÍSLENSKU SEM ANNAD MÁL.....	11
5	LESTRARÞJÁLFUN	12
5.1	LESTRARÞJÁLFUN Í SKÓLA	12
5.2	MARKMIÐ MEÐ LESTRARÞJÁLFUN HEIMA	12
5.3	LESTRARKENNSLA OG ÞJÁLFUN	13
5.4	SKRÁNING Á HEIMALESTRI.....	14
6	HUGMYNDIR AÐ LESTRARÞJÁLFUN FYRIR HEIMILIN	15
6.1	STUÐNINGUR OG LEIÐSÖGN VIÐ LESTUR	15
6.2	ENDURTEKINN LESTUR MEÐ TÍMATÖKU	15
6.3	SAMLESTUR	15
6.4	PARALESTUR	15
6.5	BERGMÁLSLESTUR.....	15
6.6	LEIÐBEINANDI LESTUR OG STUÐNINGUR	15
6.7	AÐ HLUSTA OG LESA	15
7	VERKLAGSREGLUR SÉ HEIMALESTRI EKKI SINNT	16
8	LESTRARERFIÐLEIKAR	17
8.1	DYSLEXÍA.....	17
9	BRÁÐGERIR NEMENDUR.....	18
10	SKIMANIR OG STÖÐUPRÓF MENNTAMÁLASTOFNUNAR	19
10.1	VIÐMIÐ VEGNA ORÐAFJÖLDA Í LESTRI Á LESFIMIPRÓFI	19
10.2	STAFAÞEKKING MMS	20

10.3	LESMÁL MMS — FYRIR 2. BEKK	20
10.4	MATSRAMMI FYRIR LESTRARLAG	21
11	EINSTAKLINGSÁÆTLUN	23
11.1	VIÐMIÐ	23
12	LESSKILNINGUR	24
12.1	GÆÐI OG MAT LESSKILNINGS	25
12.2	LESSKILNINGSÆÐFERÐIR	27
12.3	GAGNVIRKUR LESTUR	27
12.4	SSLSR-ÆÐFERÐIN	28
12.5	KVL-ÆÐFERÐIN — KANN — VILL VITA — HEF LÆRT	28
12.6	HUGTAKAKORT	29
12.7	MERKING ORÐA ÚT FRÁ SAMHENG	29
12.8	KENNSLUÁÆTLUN Í LESSKILNINGI FYRIR SKÓLAÁRÍÐ 2018-2019	30
13	HLUSTUNARSKILNINGUR	31
14	STAFSETNING	32
14.1	PRÓUN STAFSETNINGARKUNNÁTTU Í FIMM STIGUM	32
15	RITUN	33
15.1	SJÖ MISMUNANDI TEGUNDIR RITUNAR	33
15.2	TAFLA FYRIR RITUN	34
16	SKRIFT	35
17	MATSTÆKI -SKIMANIR OG PRÓF	36
17.1	UM FYRIRLÖGN OG FYRIRGJÖF Í LESFIMIPRÓFI	36
17.2	MARKVISS SKRÁNING Í SKÓLA OG EFTIRLIT	36
17.3	ORÐARÚN	36
17.4	LILJU PRÓF	37
17.5	LESSKIMUN FYRIR 1. BEKK	37
17.6	SJÓNÆNN ORÐAFORÐI (LESTUR STAKRA ORÐA)	37
17.7	ORÐLEYSULESTUR	373
17.8	NEFNUHRAÐAPRÓF	37
17.9	SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF	38
18	LESSKILNINGSPRÓF	39
19	GREININGARPRÓF	40
19.1	LOGOS (3. – 10. BEKKUR)	40
19.2	TOLD 2P OG 2I MÁLPROSKAPRÓF	40
19.3	HLJÓÐFÆRNI	40
20	SÉRKENNARI	41
21	LESTRARSPRETTUR	42
22	TÖLVUR/IPAD, KENNSLUFORRIT	43
23	UPPLESTRARKEPPNI	44

23.1	STÓRA UPPLESTRARKEPPNIN Í 7. BEKK	44
23.2	LITLA UPPLESTRARKEPPNIN Í 4. BEKK	44
24	LESTRARÖMMUR OG AFAR.....	45
26	LESFERILL	46
26.1	HLIÐARPRÓF LESFERILS	46
27	YFIRLIT YFIR LESFIMI- OG LESSKILNINGPRÓF	47
27.1	LESFIMIPRÓF	47
27.2	LESSKILNINGSPRÓF 2018-2019	49
28	SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA	51
29	EFTIRFYLGNI	52

1 Lestrarstefna Njarðvíkurskóla

Þar sem færni í lestri er undirstaða fyrir allt nám leggur Njarðvíkurskóli áherslu á lestrarkennslu í 1.-10. bekk. Við álítum að þó nemendur hafi náð grunntækni í lestri þurfi þeir að halda áfram að bæta sig í þessu mikilvæga fagi. Að vinna með lestur er ferli sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og kennslan þarf þess vegna að taka mið af því sem reynist farsællast hverju sinni. Þjálfunin á að vera sameiginlegt verkefni heimilis og skóla og áherslur taka mið af stöðu nemandans hverju sinni.

Í öllum störfum setjum við okkur ákveðin markmið til að stefna að. Í tengslum við lestrarþjálfun skólans eru hraðamarkmið fyrir hvern árgang sem sýna ákveðinn orðafjölda á mínútu. Til að öðlast góðan skilning á texta er ekki nægilegt að lesa mikið. Það þarf einnig að beita markvissum lesskilningsaðferðum. Góður lesskilningur þróast yfirleitt ekki af sjálfu sér. Því er mikilvægt að byrja að kenna fjölbreyttar lesskilningsaðferðir sem efla jafnt; orðaforða, málsskilning, ályktunarhæfni, nýtingu bakgrunnsþekkingar, námsvitund og aðrar þær aðferðir sem efla lesskilning frá upphafi grunnskóla. Eins og kemur fram þá þarf að kenna fjölbreyttar lesskilningsaðferðir og efla um leið málskilning nemenda með kennslu aðferða sem efla orðaforða. Mikilvægt er að allir nái góðum tókum á þessum þáttum.

Í lestrarstefnu Njarðvíkurskóla birtast áherslur skólans í lestrarkennslu og lestrarþjálfun. Þar er að finna hagnýtar upplýsingar og leiðir fyrir kennara og foreldra/forráðamenn til að aðstoða nemendur. Í lestrarstefnunni er fjallað um mismunandi kennsluaðferðir í lestri, matstæki, stuðning ef markmið nást ekki, eftirfylgni og læsismenningu. Mikilvægt er að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir til að ná til sem flestra og styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt með því að tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni og góðar lestrarfyrirmyndir. Mikilvægt að leggja áherslu á lestrarhvetjandi umhverfi þar sem bækur eru sýnilegar í kennslustofum og aðgengilegar nemendum. Veggmyndir, orðaveggir og verkefni nemenda eiga að sjást á veggjum, bæði í skólastofum og á göngunum.

2 Lestrarmenning

Læsi er lykill að lífsgæðum og því er mikilvægt að búa til góða lestrarmenningu í skólanum með því að leggja mikla áherslu á jákvætt viðhorf til lestrar, þannig að nemendur hafi ánægju af lestri og þjálfast í að velja sér lesefni við hæfi og sem vekur áhuga þeirra. Skólabókasafnið leikur stórt hlutverk í allri lestrarmenningu en þangað sækja nemendur lesefni og gefst þeim kostur á að taka þátt í lestrarhvetjandi viðfangsefnum sem miðast við ólík áhugasvið. Yndislestur felur bæði í sér að nemendur lesi sjálfir og að lesið sé fyrir þá. Mikilvægt er að lestrarstundirnar séu markvissar og vel nýttar. Nestislestur þar sem kennari les upphátt fyrir nemendur í nestistíma er mikilvægur þáttur í lestrarmenningu Njarðvíkurskóla en við það skapast tækifæri til að kynna margvíslegar bókmenntir fyrir nemendum, efla hlustun, tal, skilning og samræður. Nestislestur þarf að vera fastur liður hjá nemendum í 1.-6. bekk.

3 Lestur

3.1 Lestrarkennsluaðferðir - 1. bekkur

Í Njarðvíkurskóla er ekki unnið eftir einni ákveðinni lestrarkennsluaðferð í lestrarkennslu fyrir byrjendur. Nemendur sem hefja nám við skólann í 1. bekk hafa flestir komið í skólaheimsóknir yfir veturinn áður en skólaganga þeirra hefst. Þeir koma með lestrarþekkingu úr leikskólanum og hafa fengið markvissan undirbúning og þjálfun undirstöðupátta læsis; orðaforða, hljóðkerfisvitundar og orðþekkingar. Lestrarkennsla er skipulögð aðferð sem felur annars vegar í sér umskráningu bókstafa í orð og setningar sem er tæknilegur hluti lestrarnámsins og hins vegar merkingarlega greiningu textans sem er lesskilningsþátturinn.

Góð hljóðkerfisvitund er mikilvæg en það er ekki síður mikilvægt að lestrarnám sé merkingarbært, hvetjandi og veki áhuga. Þannig tileinka nemendur sér lestrarfærni.

Eftirfarandi aðferðum er beitt eftir því hvar nemendur eru staddir í lestri;

3.2 Hljóðaaðferðin

Kenndir eru bókstafirnir í íslenska stafrófinu, hljóð þeirra og tákn. Þegar nemendur hafa heyrt hljóð og séð tákn byrja þeir að móta og skrifa bókstafinn þannig að samhæfing hugar og handar æfist. Fyrst eru kenndir nokkrir bókstafir og síðan er næsta skref að tengja saman hljóðin og mynda með þeim mælt mál sem felur í sér orð og síðan setningar. Í upphafi lesa nemendur stutt orð en fara smám saman að lesa lengri orð og setningar.

3.3 Raddlestur

Nemandi les upphátt.

3.4 Hljóðlestur

Nemandi les í hljóði.

3.5 Skiptilestur

Nemandi og kennari lesa til skiptis.

3.6 Spil og leikir

Á yngstu stigum eru spil og leikir mikilvægar kennsluaðferðir til þess að þjálfna bókstafi, hljóð þeirra og tákn, orð og orðmyndir.

3.7 Yndislestur

Yndislestur er hluti af daglegu starfi og eiga allir nemendur alltaf að vera með lesefni sem þeir geta gripið í milli verkefna auk þeirra föstu stunda sem gefnar eru í yndislestur. Kennarar eiga sömuleiðis að ganga fram með góðu fordæmi og grípa í bækur þegar tilefni gefst og í lestrarstundum bekkjarins. Þá á að hvetja til umræðna um það efni sem nemendur eru að lesa og veita öllum nemendum tækifæri til að segja frá bókum sem þeir hafa lesið eða kynna þær með öðru móti. Kennarar kynna og segja frá lesefni með það í huga að kveikja áhuga nemenda.

3.8 Kórlestur

Hópur nemenda les texta saman upphátt.

3.9 Nestislestur

Lesturinn fer hann fram í nestistíma nemenda. Hann er ekki bara notalegur vegna þess að við lestur kennarans lifnar frásögnin við og oftast en ekki fá nemendur áhuga á að lesa fleiri bækur um sömu sögupersónur eða eftir sama höfund. Nestislestur er því mjög mikilvægur liður í því að efla lestrarmenningu skólans.

3.10 Lestrarvinir

Verkefnið tengir saman yngri og eldri nemendur sem hittast nokkrum sinnum á ári og lesa saman.

3.11 Kennsluforrit

Kennsluforrit eru góð til lestrarkennslu og þjálfunar.

3.12 LTG – aðferðin

Unnið er út frá talmáli og sköpunarhæfileikum nemenda sem semja sögur með hjálp kennara. Þessi aðferð er notuð til þess að kenna ákveðna bókstafi eða orðmyndir. Kveikjan að sögu getur verið t.d. einn bókstafur, mynd eða upplifun nemendahópsins á einhverju sérstöku. Unnið er með söguna á marga vegu og gefst nemendum tækifæri til þess að uppgötva tengsl hins talaða máls og hins ritaða.

3.13 Hugtakakort

Þessi aðferð kennir nemendum að nota myndræna framsetningu til þess að skapa tengsl við bókstafi, hljóð og orð. Seinna meir þegar nemendur eru búnir að ná góðri færni til að

nýta sér þessa tækni þá eru þeir fljótir að koma skipulagi á hugsun sína, ná yfirsýn yfir efni og undirbúa ritun eða sögugerð.

3.14 Samlestur

Kennari velur sögu eða ljóð og vinnur með ákveðna bókstafi, lykilhugtök, orð eða orðmyndir. Á þennan hátt er verið að auka orðaforða og lesskilning. Hægt er að gera hugtakakort jafnhliða.

3.15 Paralestur

Nemendur lesa texta/bók sem valin er af kennara. Markmiðið er þjálfun í raddlestri og framsögn. Sá sem hlustar væri þá hugsanlega með hlutverk sem tímavörður. Nemendur búa til spurningar úr efninu hvor fyrir annan eða endursegja og æfa fyrstu skrefin í gagnvirkum lestri.

3.16 Myndasögur/endursögn

Nemendur eru þjálfaðir í sögugerð og framsögn. Þeir læra að þekkja muninn á aðalatriðum og aukaatriðum.

3.17 PALS

Peer assistand learning strategies (PALS) hefur hlotið nafnið, Þör að læra saman á íslensku er afar vel rannsökuð og áraggnarsrík kennsluáðferð til að þjálfa lesfimi og lesskilningsáðferðir í blönduðum bekkjardeildum (McMaster, Fuchs og Fuchs, 2006; Maheady og Harper, 2003). Þessi áðferð er notuð markvisst í 5. bekk.

Vinnuferlið: Umsjónarkennari styðst við niðurstöður úr lesfimiprófum til að para nemendur, tvo og tvo saman. Hann byrjar á að skipta nemendahópnum í tvo hópa þá sem lesa hratt og þá sem lesa ekki eins hratt. Eftir það parar hann þá sem lesa hraðast innan hvors hóps saman, síðan þá sem lesa næst hraðast og síðan koll af kolli þar til búið er að para saman alla nemendur. Með þessu fyrirkomulagi er talið að tryggt sé að ekki verði of mikið misvægi á getu þeirra sem vinna saman.

- Kennari velur síðan lesefni af hæfilegri þyngd og miðar þyngdarstigið ætíð við slakari lesandann og kennir þeim að lesa samkvæmt eftirfarandi leikreglum:
- Lesandinn sem stendur betur að vígi les fyrst í 5 mínútur, félagi hans (í hlutverki leiðbeinanda) fylgist með að rétt sé lesið.

- Ef lesandi les rangt biður leiðbeinandinn hann um að stoppa, leiðrétta sig og lesa alla setninguna eða málsgreinina aftur. Leiðbeinandi aðstoðar við að lesa rétt ef með þarf.
- Þegar lesandinn hefur lesið í 5 mínútur færir leiðbeinandi inn fjölda lesinna orða og félagarnir skipta síðan um hlutverk.

Þegar báðir nemendur hafa lesið sama texta í 5 mínútur hvor æfa þeir sig í að beita lesskilningsaðferðum með markvissum hætti, þ.e. að veita aðalatriðum athygli, draga þeir saman og spá fyrir um það sem kemur næst í sögunni. Til þess að vel takist til þurfa kennarar að kenna nemendum aðferðirnar með beinum hætti og taka tíma í að þjálf þá í að beita þeim (Bergljót V. Jónsdóttir, 2010; Brownell, Smith, Crockett og Griffin, 2012, sjá einnig á <http://kc.vanderbilt.edu/pals/>).

3.18 K-PALS

Í kennslustundum í K-PALS er lögð áhersla á hljóð bókstafa, umskráningu, hljóðkerfisvitund og sjónrænan orðaforða. Nemendur vinna saman í pörum og skiptast á að vera þjálfarar og lesarar. Kennslustundir byrja ávallt á hljóðaleik og eftir það eru umskráningarverkefni unnin. Í hljóðaleikjaverkefnum eru nemendur að greina hljóð, rím, samtengingu og sundurgreiningu. Unnið er með sömu hljóð og nemendur eru að læra á hverjum tíma. Mikil endurtekning er í verkefnunum sem stuðlar að aukinni sjálfvirkni í að þekkja og tengja hljóðin við bókstafina. Nemendum er kennt að þekkja algengar orðmyndir og æfa sig í að umskrá einföld orð sem eru sett saman úr hljóðum sem þegar hafa verið æfð. Í síðari hluta verkefnanna æfa nemendur sig að lesa heilar setningar sem innihalda þau orð sem þeir hafa þegar æft sig í að umskrá og sjónorð sem þeir eru búnir að læra. Nemendur fá umbun og endurgjöf fyrir unnin verkefni í formi broskalla og stiga sem þeir safna á stigablað. Þessi aðferð er notuð markvisst í 1. og 2. bekk.

4 Nemendur með íslensku sem annað mál

Reglan er sú að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgja bekkjarfélögum sínum í námi og er lögð áhersla á að þeir vinni sem mest með íslenskumælandi nemendum. Stuðningur við þá getur m.a. verið einstaklingsmiðuð íslenskukennsla í lengri eða skemmri tíma en felst að mestu í því að laga læsistengt námsefni að þeirra færni, bæði í skóla og heimavinnu. kenna þeim orðaforða og efla hugtakaskilning í gegnum efnistöð hvernar námsgreinar og leggja áherslu á daglegan lestur þeirra í skólanum (á íslensku).

Nemendur þurfa að fá kynningu á hjálpartækjum og mikilvægt er að hvetja þá til að nota hljóðbækur í náminu. Leggja áherslu á samvinnunám sem eflir félagatengsl og örvar færni þeirra í talmáli og hvetja foreldra til að kenna þeim að lesa á eigin móðurmáli/hvetja nemendur til að lesa á eigin móðurmáli. Miða ætti við að nemendur með íslensku sem annað mál taki bæði lesfimi- og lesskilningspróf eins og bekkjarfélagarnir, þannig sést staða þeirra miðað við meðaltal bekkjarsystkina.

5 Lestrarþjálfun

5.1 Lestrarþjálfun í skóla

Í 1. – 7. bekk er mikilvægt að kennari hlusti daglega á lestur nemenda og kvitti fyrir lestrinum. Kennarar sjá nemendum fyrir bókum sem hæfa aldri, þroska og getu, að auki ná þeir í kjörbækur á bókasafni. Kennarinn setur sér ákveðin markmið með fjölbreyttum lestrarverkefnum í lestrarstundunum. Nemendur á yngsta stigi þurfa daglega endurgjöf á heimalestur (límmiðar eða stimplar) og skrá þarf viðeigandi athugasemd á Mentor ef ekki er lesið heima.

Íslenskukennarar í 8.-10. bekk sjá um þjálfun og eftirfylgni í lestri hjá nemendum sínum. Þeir bera endanlega ábyrgð á framvindu læsinnáms nemenda sinna og hafa því frelsi til að haga þjálfun og eftirfylgni eins og þeim þykir best, allt eftir áherslum og viðfangsefnum hverju sinni.

Nemendur velja sér bók eftir áhugasviði á bókasafni sem stuðlar að ánægjulestri og auknum orðaforða. Allir kennarar bera ábyrgð á því að kenna lestur í sinni námsgrein en það felur í sér kynna nemendum sértækan orðaforða og mismunandi textategundir. Eins á að kenna ólíkar lestraraðferðir, þ.e. nákvæmnislestur, leitarlestur, yfirlitslestur og skimun og þjálfar nemendur í að beita þessum aðferðum við lestur og um leið efla lesskilning.

5.2 Markmið með lestrarþjálfun heima

Markmið með heimalestri er að börn auki leshraða sinn og bæti við orðaforða og málskilning. Góð þjálfun verður aldrei ofmetin. Hún er grunnur læsis og því er mikilvægt að nemendur lesi daglega bæði í skóla og heima. Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna, ekki aðeins með því að hlusta á þau lesa, heldur einning með því að tala við þau og örva þannig orðaforða þeirra og skilning. Þegar barn les heima er mikilvægt að það hafi næði á meðan það æfir sig. Einnig er mikilvægt að ræða og útskýra textann sem lesinn er og athuga hvort barnið hafi skilið það sem það las eða það sem lesið var fyrir það. Nauðsynlegt er að fullorðinn aðili sitji alltaf hjá barninu og fylgist með lestrinum og leiðrétti þegar orð eru lesin rangt og hrósa þegar rétt er lesið.

Nemendur sem eru að ná tókum á grunnfærni lestrar þurfa reglulega endurgjöf á heimalestur frá forráðamönnum og kennurum. Til að viðhalda færninni þurfa nemendur að lesa reglulega bæði upphátt og í hljóði og þjálfun þarf líka að eiga sér stað yfir

sumartímann. Forráðamenn bera ábyrgð á að vel takist til með lestrarnámið því regluleg þjálfun skilar bestum árangri.

Nemendur í 1.-7. bekk lesa upphátt fyrir fullorðinn aðila heima í 10 – 15 mínútur á dag fimm sinnum í viku. Kvittunarhefti fylgir lestrarbókunum þar sem foreldrum eða fullorðnum aðila er gert að kvitta fyrir heimalesturinn. Þá munu kennarar einnig kvitta fyrir í sömu hefti í hvert sinn sem nemandi les fyrir þá. Heftið skal því fylgja nemandanum bæði heima og í skóla.

Nemendur í 8.-10. bekk lesa heima upphátt fyrir einhvern fullorðinn í bók eða í tölvu (skáldsögu, greinar, fréttir o.s. frv.) þrisvar sinnum í viku og skrá hvað þeir lesa í leiðarbók.

Nemendur lesa þrjú bókmenntaverk á skólaárinu fyrir utan annað lesefni. Nemendur vinna margvísleg verkefni úr bókmenntaverkunum.

Í stundaskrá er einn tími á viku ætlaður lestri og úrvinnslu heimalesturs.

Börn sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér lestur þurfa að hafa aðgang að hljóðskrár.

5.3 Lestrarkennsla og þjálfun

Yngstu nemendurnir sem eru að ná tókum á tæknilegri hlið lesturs sem og eldri nemendur sem eru að bæta sjálfvirkni sína í lestri og efla lesskilning, þurfa mikla æfingu.

Sú æfing þarf að vera samvinna heimilis og skóla;

****Viðmið skólans fyrir lágmarks lestrarþjálfun nemenda**

Lestrarkennsla og þjálfun	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9.-10. bekkur
<i>Þjálfun hljóðkerfsvitundar</i>	x	x	x	x					
<i>Stafainnlögn</i>	x								
<i>Lestur</i>	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Lestur í hópum</i>			x	x	x	x	x	x	x
<i>Lestur fyrir nemendur(annað efni en námbækur)</i>	Daglega	Daglega	Daglega	Daglega	Daglega	Daglega	Daglega		
<i>Lestur úr námsefni</i>	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Raddlestur nemanda f. kennara/félaga</i>	5x í viku	5x í viku	5x í viku	5x í viku	5x í viku	3x í viku	3x í viku	2x í viku	1x í viku
<i>Lestur á vefsíðum</i>				x	x	x	x	x	x
<i>Yndislestur</i>	3x í viku	3x í viku	3x í viku	3x í viku	3x í viku	3x í viku	3x í viku	3x í viku	3x í viku
<i>Gagnvirkur lestur/paraalestur</i>	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Þjálfun í framsögn</i>		x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Lestrarátök/sprettir</i>	x	x	x	x	x	x	x	x	x
<i>Heimalestur</i>	x	x	x	x	x	x	x	ágm 3x á vik	lág. 3x á viku

5.4 Skráning á heimalestri

Markviss skráning á lestri nemenda veitir yfirsýn yfir ástundun þeirra í lestri. Það veitir einnig innsýn í skipulag, virkni og viðhorf nemandans til lestrar. Skráning á heimalestri er þáttur í samstarfi á milli heimilis og skóla.

6 Hugmyndir að lestrarþjálfun fyrir heimilin

6.1 Stuðningur og leiðsögn við lestur

Lestrarstuðningur felst í því að hvetja nemendur, leiðrétta villur og gefa leiðbeiningar um hvernig á að lesa.

6.2 Endurtekinn lestur með tímatöku

Nemandinn les eina blaðsíðu þrisvar sinnum og foreldri/forráðamaður tekur tímann. Nemandinn reynir að bæta sig í hvert sinn sem hann les. Endurtekning er mjög mikilvægur þáttur í lestrarþjálfun og þar sem nemendum finnst endurtekning oft ekki spennandi þá er þetta ágæt leið til þess að lífga upp á endurtekningalesturinn.

6.3 Samlestur

Nemandi og foreldri/forráðamaður lesa saman upphátt.

6.4 Paralestur

Nemandi og foreldri/forráðamaður skipta textanum á milli sín og lesa til skiptis (ein og ein setning eða efnisgrein

6.5 Bergmálslestur

Foreldri/forráðamaður og barnið lesa upphátt til skiptis t.d. setningu eða efnisgrein.

6.6 Leiðbeinandi lestur og stuðningur

Foreldri/forráðamaður les afmarkaðan texta fyrir nemandann. Nemandinn æfir sig að lesa textann í hljóði eða lágt og reynir að líkja eftir lestrarlagi foreldris. Að lokum les nemandinn textann upphátt. Foreldri/forráðamaður leiðbeinir og leiðréttir ásamt því að hvetja nemandann áfram.

6.7 Að hlusta og lesa

Hlustun á hljóðbók/tölvu samhliða lestri er góð æfing í sjálfvirkum lestri. Margar bækur er hægt að nálgast sem hljóðbækur inni á <http://nams.is>

Námsgagnastofnun gefur hljóðbækurnar út og hægt er að hlusta á þær án endurgjalds.

7 Verklagsreglur sé heimalestri ekki sinnt



Verklagsreglur varðandi heimalestur nemenda í 1.-6. bekk

Nemandi: _____ Bekkur: _____

Ef ekki er kvittað fyrir heimalestri er ferlið eftirfarandi:	Dags.	Dags.	Dags.
1. Kennari sendir tölvupóst til foreldra/forráðamanna á öðrum degi og fylgir þeim tölvupósti eftir á þriðja og fjórða degi.			
2. Athugasemd skráð í Mentor, ef tölvupóstur hefur ekki borið árangur á fimmta degi			
3. Kennari hringir heim á sjötta degi			
4. Foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með kennara og skólustjórnendum ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur.			

Niðurstaða fundar:

Dags. _____

_____ Kennari

_____ Foreldri/forráðamaður

Ofangreindum verklagsreglum hefur verið fylgt en það hefur ekki borið árangur og málinu því vísað til Fræðsluskrifstofu.

Njarðvíkurskóli vð Brekkusög, 200 Njarðvík, Kópavogur. Sími 420 3000, www.njardevkurskoli.is



Verklagsreglur varðandi heimalestur nemenda í 7.-10. bekk

Nemandi: _____ Bekkur: _____

Ef ekki er kvittað fyrir heimalestri er ferlið eftirfarandi:	Dags.
1. Kennari skoðar kvittunarblað vikulega og sendir tölvupóst til foreldra/forráðamanna sé heimalestri ekki sinnt sem skyldi.	
2. Athugasemd skráð í Mentor, ef tölvupóstur hefur ekki borið árangur.	
3. Kennari hringir heim.	
4. Foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með kennara og skólustjórnendum ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur.	

Niðurstaða fundar:

Dags. _____

_____ Kennari

_____ Foreldri/forráðamaður

Ofangreindum verklagsreglum hefur verið fylgt en það hefur ekki borið árangur og málinu því vísað til Fræðsluskrifstofu.

Njarðvíkurskóli vð Brekkusög, 200 Njarðvík, Kópavogur. Sími 420 3000, www.njardevkurskoli.is

8 Lestrarferfiðleikar

Nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestrarnámið, eiga erfitt með að tileinka sér lestrarferlið. Einstaka nemendur eiga í tímabundnum erfiðleikum með að tileinka sér lestrarnámið en aðrir til langframa. Þegar einhver vandi er til staðar er mikilvægt að bregðast fljótt við honum. Þeir nemendur sem hafa verið á leikskóla áður en þeir hefja skólagöngu í grunnskóla hafa tekið Hljóm 2 próf sem er greiningartæki í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum. Prófið hjálpar til að finna þá einstaklinga sem gætu átt við lestrarerfiðleika að stríða seinna meir og er þar einnig leitast við að vinna með niðurstöður áður en eiginlegt lestranám hefst í grunnskólanum. Á fyrstu árunum í grunnskólanum er fylgst mjög vel með framvindu lestrarnámsins með ýmsum matstækjum í Lesferli og Logos.

8.1 Dyslexía

Líklegt er að fólki sé almennt kunnugt um að sumir eigi erfiðara með lestur og stafsetningu en gerist og gengur. Dyslexía er eitt afbrigði námsörðugleika sem gerður er greinarmunur á. Það lýsir sér í erfiðleikum í orðgreiningu sem ber vott um ófullnægjandi hljóðurvinnslu. Þessir erfiðleikar við orðgreiningu eru óvæntir þegar mið er tekið af aldri, námsgetu og vitsmunum; þeir stafa ekki af almennri þroskahömlun eða skyndtruflunum. Dyslexía birtist í erfiðleikum með ólík form tungumálsins og felur oft í sér auk lestrarerfiðleika, augljós vandkvæði við að ná góðum tókum á ritleikni og stafsetningu. Nemendur með dyslexiu þurfa að fá kennslu á þau hjálpartæki sem styðja við bakið á þeim. Mikilvægt er að kennarar hvetji nemendur að nýta hjálpargögn eins og hljóðbækur, þjálfunarforrit, orðabækur og leiðréttingarforrit. Auk þess að bjóða nemendum að nota spjaldtölvur við námið.

Mikilvægt er að aðlaga námsefni og námsmat að þörfum og færni nemanda og bjóða þeim upp á fjölbreyttar aðstæður þegar þeir taka t.d. próf.

9 Bráðgerir nemendur

Taka þarf sérstakt tillit til nemenda sem ná settum markmiðum lestrarstefnunnar eða eru komnir lengra á veg en jafnaldrar sínir. Alltaf skal vinna að eðlilegri námsframvindu nemenda út frá þroska og getu hvers og eins.

10 Skimanir og stöðupróf Menntamálastofnunar

Við námsmat í lestri eru notuð stöðluð lesfimiþróf frá Menntamálastofnun sem eru aldursmiðuð en prófin eru mælikvarði til kanna framvindu lestrarnáms. Prófið mælir lesfimi (lestrarnákvæmni og leshraði). Lesfimi er einn af þeim þáttum sem þarf til að ná góðri færni í lestri. Nemendur í 1.-10. bekk taka þrjú lesfimiþróf á skólaárinu (A-B-A). Nemendur lesa upphátt samfelldan texta fyrir kennara í einrúmi í tvær mínútur. Að auki leggur deildarstjóri fyrir nemendur í 1.-3. bekk sem raðast í gulan hóp stöðluð próf sem eru hliðarpróf Lesferils en þau meta sjónrænan orðaforða og orðleysulestur. Þá taka nemendur í 1. bekk staðlað próf sem metur nefnuhraða. Niðurstöður prófanna eru gefnar í fjölda lesinna **orða á mínútu** en nemendur sem hafa ekki náð lágmarksviðmiðum fyrir sinn árgang fá umsögn um árangur. Lesfimiviðmið um fjölda rétt lesinna orða á mínútu fyrir alla bekki tilgreina hvað eðlilegt væri að 90% nemenda ættu að lágmarki að ná að lesa mörg rétt orð við lok skólaárs, hverju gera má ráð fyrir að helmingur nemenda nái og loks er skilgreind lesfimi sem sá fjórðungur sem best stendur í lestri ætti að ná. Námsmat er birt á vitnisburðarblaði í júní og á Mentor í september, janúar og maí.

Niðurstaða úr síðasta prófi á skólaárinu birtist á einkunnablaði (í umsagnardálk á að skrifa: Las ... orð á mínútu)

10.1 Viðmið vegna orðafjölda í lestri á lesfimiþrófi

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Nánar er hægt að lesa um viðmið Menntamálastofnunar hér https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf

10.2 Stafabekking MMS

Stafabekking er könnuð með fjórum einstaklingsverkefnum. Um er að ræða bæði stóra og litla stafi, sérhljóða og samhljóða. Nemendur eiga að kalla fram hljóð og heiti hvers bókstafs sem þeir lesa af blaði.

10.3 Lesmál MMS – fyrir 2. bekk

Lesmál er staðlað hóppróf sem metur grunnþætti í lestri og réttritun hjá nemendum í 2. bekk grunnskóla. Prófþættir eru fjórir: umskráning, lesskilningur, hraðlestur og réttritun. Árangursviðmið prófsins byggja á frammistöðu nemenda í **apríl í 2. bekk**. Lesmál er hugsað til leiðsagnar fyrir kennara og nemendur við kennslu og nám.

Viðmið um árangur skimunarprófsins er:

❖ 91 – 100% atriða rétt leyst	Mjög gott
❖ 71 – 90% atriða rétt leyst	Gott
❖ 51 – 70% atriða rétt leyst	Meðal
❖ 30 – 50% atriða rétt leyst	Slakt
❖ 11 – 29% atriða rétt leyst	Mjög slakt
❖ 0 – 10% atriða rétt leyst	Afar slakt

Matsrammi fyrir lestrarlag

Vidd	1	2	3	4
A. Tjáning og raddstýrkur	Les með litilli tjáningu eða innlífun í röddinni. Les orðin að því er virðist til þess eins að koma þeim frá sér. Lítið næmi fyrir því að láta textann hljóma eins og venjulegt talmál. Hefur tilhneigingu til þess að lesa lágunum rómi.	Nokkur tjáning. Notar röddina stundum til að láta textann hljóma eins og talmál en ekki alltaf. Athygli lesandans er þó fyrst og fremst á því að koma orðunum frá sér. Les enn fremur lágunum rómi.	Lesturinn hljómar oftast eins og edlilegt talmál. Nemandinn deitir einstaka sínum niður í tjáningarlausan lestur. Raddstýrkur er yfirleitt hæfilegur.	Les textann með góðri tjáningu og innlífun. Lestur hljómar eins og edlilegt talmál. Lesandinn er fær um að beita tjáningu og raddstýrk í takti við tilkun sína á textanum.
B. Hendingar	Eintóna lestur, líti tífning fyrir upphafi og endi hendinga. Les oft orð fyrir orð.	Les textann að mestu í tveggja til þriggja orða hendingum, svo hann hljómar skrykkjóttur og flæði rofnar. Övðeigandi áherslur og hljómtali sem verður til þess að ekki tekst að gefa til kynna lok setninga eða setningarluta.	Blanda af óslitnum lestri, hiki í miðri setningu til öndunar, stundum skrykkjóttum lestri og sæmlegum áherslum og hljómtali.	Hendingar að mestu leyti góðar. Yfirhöfuð góð hrynjandi og rétt hljómtali. Tjáning er góð.
C. Flæði	Tíð hlé sem dragast á langinn, hik, byrjað upp á nýtt, lestur fjarar út, endurtekningar og/eða margar tilraunir gerðar til að hefja lesturinn.	Nokkrir „erfiðir kaflar“ í textanum sem einkennast af löngum hléum, hiki o.fl. sem hefur truflandi áhrif.	Einstaka rof í flæði vegna erfiðra orða og/eða forms texta.	Almennt gott flæði í lestrinum með fáeinum hléum en auðveldlega leyst úr erfiðleikum tengdum orðum eða forni texta, yfirleitt með því að nemandi leiðréttir sig sjálfur.
D. Hraði	Hægur og áreynslumikill lestur.	Frekar hægur lestur.	Öregla í hraða lesturs þar sem hraður og hægur lestur skiptast á.	Stöðugur talmálshraði á lestrinum.

Þyrt með lefni Timothy V. Radnoki, 2017

Styðstu við kvarðann við mat á lestfimi á eftirfarandi þáttum: Tjáning og raddstýrkur, hendingar, flæði og hraði. Stigagjöf er á bilinu 4 til 16 stig. Almennt er ástæða til þess að huga nánar að stöðu nemenda sem eru með færri en átta stig. Átta stig eða fleiri benda til þess að lestrarlag nemandans sé á réttu leið.

Leiðbeiningar með notkun matsrammans

Athugið að þennan matsramma á að nota þegar nemandi les aldursamsvarandi texta t.d. úr lestrarbók en ekki með lesfimiþrófatextunum.

Lestariag

Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynærunum þáttum tungumálsins en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Hún birtist í sjálfvirkum fyrirhatharlausum lestri í viðeigandi hendingum og með réttu hljómfalli. Lesfimi er mikilvæg við raddlestur og hljóðlestur.

Lestariag nemandans er mikilvægur hluti lesfimimatsins. Nemandi sem hefur gott vald á lestrinum les með eðlilegu hljómfalli og áherslum og nýtir sér greinarmerki til þess. Lestariag er viss viðbending um skilning því til að geta lesið texta með réttum áherslum og túlkun þarf skilningur að vera til staðar.

Leiðbeiningar fyrir kennara:

- Matsrammann þarf að kynna vel fyrir nemendum og foreldrum.
- Lestariag er meitið þegar nemandi les aldursamsvarandi texta sem hann hefur fengið tækifæri til að æfa sig á.
- Leiðsagnarmat er nauðsynlegt í ferlinu.
- Auðvelt er að nota matsrammann og hvatt er til notkunar hans reglulega yfir skólaárið.
- Eftir að hafa hlustað á nemanda lesa valinn texta upphátt, merkir kennari í þann reit sem best lýsir heildarniðurstöðu nemandans. Stigagjöfin er á bilinu 4 til 16 stig. Átta stig eða fleiri benda til þess að lestrariag nemandans sé á leið í rétta átt.

Leiðbeiningar fyrir nemendur og foreldra:

- Skoðið vel þá þætti sem metnir eru.
- Ræðið hvar nemandinn getur hugsanlega bætt sig.
- Æfið upplesturinn heima.
- Foreldrar geta líka æft sig á textanum og nemendur æft sig í að meta.

11 Einstaklingsáætlun

Deildastjórar gera áætlun til að efla lesfimi þeirra nemenda sem ná ekki viðmiðum þeim sem gert er ráð fyrir að 90% nemenda eiga að ná. Áður en þeir gera það eru lögð fyrir nemendur stöðluð próf til að meta sjónrænan orðaforða, orðleysulestur og nefnuhraða svo hægt sé að vinna með þann þátt eða þætti sem þarf að efla hjá nemandanum. Nemendur lesa þá heima upphátt fyrir fullorðinn einstakling og má notast við ýmsar hraðlestraræfingar. Sá sem hlustar kvittar fyrir lestrinum á þar til gert eyðublað. Deildastjórar hafa umsjón með eftirfylgni í samráði við umsjónarkennara/íslenskukennara og fara yfir hvaða nemendur þurfa einstaklingsáætlun og láta þá hafa kvittunarblað og bók sem þeir eiga að lesa. Eftir hvert lesfimiþróf er einstaklingsáætlunin endurskoðuð.

Til að halda utan um og fjölga nemendum að ná 50% og 25% viðmiðum Menntamálastofnunar vinnum við eftir ákveðnum verkferlum og skráum niðurstöður eftir litum/töflu. Í grænan hóp fara þeir nemendur sem hafa náð 25 % viðmiðum MMS, ljósgrænan þeir sem hafa náð 50%, gulan þeir sem náð hafa 90% viðmiðum og rauðan hóp þeir sem eru undir 90% viðmiðunum. Nemendur sem eru í gulum og rauðum hópi fá einstaklingsáætlun.

11.1 Viðmið

	Nær yfir 25 % viðmið MMS
	Nær yfir 50 % viðmið MMS
	Nær yfir 90 % viðmið MMS
	Eru undir 90 % viðmið MMS

12 Lesskilningur

Markmið með þjálfun er að örva áhuga og vekja þörf nemenda að leita svara, þjálf þá að spyrja spurninga og átta sig á mikilvægum atriðum í texta eða myndum. Nemendur læra að tjá sig með teikningum og segja frá því sem þeir hafa lært. Þegar nemendur hafa náð þeirri tækni að geta sagt frá því sem þeir lesa víkkar það sjónarhorn þeirra á lesefnið og eykur þekkingu þeirra og lesskilning. Til að svo geti orðið þarf lesarinn að búa yfir góðum orðaforða, bakgrunnsþekkingu, ályktunarhæfni. Þekkingu á uppbyggingu málsins, þekkingu á uppbyggingu texta og vitund um eigin skilning. Sagt er að nám frá 3. bekk og upp úr byggji á lestri til skilnings og því er mikilvægt að lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum grunnskólans sé markviss og fjölbreytt og snúi að öllum þessum þáttum. Bestur er árangurinn þegar fleiri en ein aðferð eru notaðar saman. Í þessu sambandi eru nefndar neðangreindar áhrifaríkar aðgerðir;

- Spá fyrir um.** Taka út textann fyrirfram með því að skoða fyrirsagnir, einkenni texta, dálka, myndir, texta við myndir, samhliða því að endurskoða og betrubæta forspána um hvað gerist næst í textanum.

- Sívakí.** Virkja margar skilningsaðferðir til að umskrá og ná merkingu frá orðum, orðasamböndum, málsgreinum og textanum í heild sinni.

- Spyrja.** Staldrá við, endurlesa og virkja skilningsferla þegar merking er óljós.

- Ímynda sér.** Byggja upp merkingu sem kemur fram í textanum með því að velta fyrir sér, taka eftir og koma sér upp mynd í huganum.

- Fara til baka, endurlesa og finna lausn.** Halda áfram að spá í merkingu textans, áður, á meðan og eftir lestur og stöðugt að velta fyrir sér hvernig þessi þekking geti komið að gagni.

- Álykta.** Tengja saman hugmyndir í textanum út frá persónulegri reynslu, þekkingu af öðrum textum og almennri þekkingu, sjá til þess að ályktanir séu dregnar hratt og örugglega svo að athyglin fari ekki frá hinum raunverulega texta. Ályktunin á að hjálpa lesanda að skilja betur.

- Finna meginhugmyndir, aðalatriði og komast að niðurstöðu.** Vera viss um að taka með í reikninginn upplýsingar sem fylgja með textanum, s.s. uppsetningu og einkenni textans. Ef nemendur geta ekki dregið saman gilda samantekt, er það merki um þörf á endurlestri.

•**Mat.** Nálgast þarf skáldsögutexta þannig að lesandi taki eftir umhverfi, persónum og söguþræði snemma í lestrinum og taki einnig eftir vanda, lausnum og sögulokum.

•**Samantekt.** Nálgast þarf fróðleikstexta á þann hátt að tekið er eftir einkennum, einstökum upplýsingum, röð einkenna og niðurstöðum og þetta allt tengt saman til að ná fram merkingu.

Mappa með ýmsum verkefnum og kennsluaðferðum sem Gyða Arnmundsdóttir sérkennslufulltrúi á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar kynnti skólaárið 2013-2014 má finna inn á OneDrive/Lestrarstefna 2018-2019/ einnig er að finna á blaðsíðu 30, yfirlit yfir lesskilningsaðferðir unnar upp úr bókinni Eflum lesskilning eftir Berljótu Jónsdóttur sérkennara á Dalvík. Aðferðirnar eru flokkaðar niður á árganga og eftir aldri eins og í bók Bergljótar. Kennarar ættu að nota hinar ýmsu aðferðir til að efla lesskilning nemenda og hér í framhaldi eru nokkrar þeirra útskýrðar nánar. Mælt er með því að kenna nemendum aðferðir sem samþætta sem flesta af ofangreindum þáttum og leggja sérstaka alúð við að kenna nemendum að ígrunda og spá fyrir um merkingu fyrir lestur, á meðan á honum stendur og eftir að honum lýkur.

12.1 Gæði og mat lesskilnings

Gæði lesskilnings

	Byrjandi 1	Grunnstig 2	Leikinn 3	Þróður 4
Mat 1	←	→	→	→
Mat 2	←	→	→	→
Mat 3	←	→	→	→
Lýsing á framförum:				

Færni nemenda við að beita aðferðinni

Við lok tímabils	Lesi	Samantekt	Spýja	Útskýra	Forspa
Mat 1					
Mat 2					
Mat 3					

Viðmið fyrir lesskilning (samantekt og spurningar)

	Stig 1: Byrjandi	Stig 2: Grunnstig	Stig 3: Leikinn	Stig 4: Þróður
Almennur skilningur	- Svör sýna lítinn skilning á textanum, lykilatriði kann að vanta. - Litil eða engin tilraun gerð til að tengja saman efnisþætti. - Svörin byggja á orðréttum tilvisunum í texta. - Svör bera engin merki túlkunar og ályktunar (lesið milli lína)	- Sýnir nokkurn skilning á texta - Tilraunir gerðar til að tengja saman efnisþætti efnis. - Svör bera engin merki túlkunar / ályktunar	- Sýnir skilning á efni textans. - Svör endurspegla staðgóða þekkingu á tilgangi textans. - Tengir efnisþætti innan texta. - Tengingar oftast skýrar og mynda samfellu, þó geta verið gloopur. - Svör bera merki túlkunar /ályktunar (umorðun hugmynda)	- Sýnir skilning á efni textans. - Svör eru styrkt af vel völdum tilvisunum í texta. - Tengir hugmyndir innan texta. - Tengingar eru skýrar og mynda samfellu. - Svör bera góð merki túlkunar og ályktunar (umorðun hugmynda)

Mat á lesskilningi

bekkur: _____

Hve vel er aðferðin gagnvirkur lestur notuð?

Við lok tímabils	Lesi	Samantekt	Spyrja	Útskýra	Spá fyrir
0 = engin færni					
1= slök færni					
2 = þokkaleg færni					
3 = góð færni					

Lesskilningur

Byrjandi	Grunnstig	Leikinn	Þróaður

¹ <http://www.sdmsberlin.org/mspap/readubs.html>

Skólaþróunarsvið HA

12.2 Lesskilningsaðferðir

12.3 Gagnvirkur lestur

Góð lestrarkunnátta er hverjum manni nauðsynleg. Til viðbótar góðri lestrartækni þarf lesskilningur að vera góður. Kennarar eru í auknum mæli að kenna nemendum aðferðir sem miða að auknum skilningi á texta. Þessi aðferð er talin henta nemendum frá þriðja bekk og upp úr, en þó skal alltaf taka mið af þyngdarstigi textans þ.e. að hann sé aldursmiðaður.

Forstig: Lestur. Nemendur og kennari lesa stuttan kafla úr texta. Stjórnandinn (nemandi eða kennari) les upphátt, hinir fylgjast með í hljóði. Lesturinn ætti ekki að vera langur, ein efnisgrein er lesin í einu. Nemendur, sem eiga í erfiðleikum með að lesa textann einir, geta unnið í pari með öðrum færari lesara.

1. þrep: Samantekt. Stjórnandinn tekur saman helstu atriði efnisins. Hann segir hvert megninefnið er. Aðrir geta bætt við eða mótmælt. Mikilvægt er að reyna að halda sig við aðalatriði en sleppa smáatriðum.

2. þrep: Spurninga er spurt. Stjórnandinn spyr einnar eða fleiri spurninga sem er líklegt að kennari myndi spyrja. Þessi æfing gefur nemendum færi á að æfa sjálfsspurningar [spyrja sjálfan sig] og ákveða mikilvæg atriði sem gætu komið til prófs seinna.

3. þrep: Útskýringar. Stjórnandi athugar hvort eitthvað þurfi útskýringa við. Á þessu stigi spyrja nemendur spurninga um atriði, sem þeim finnst erfitt að skilja og vilja fá nánari skýringar á. Kennarinn getur spurt spurninga og hvatt til spurninga frá hópnum eða bekknum. Þessu stigi er sleppt ef nemendum finnst allt vera skýrt og auðskilið.

4. þrep: Forspá. Stjórnandinn spáir fyrir um innihald textans sem á að lesa næst. Nemendur geta bætt við eigin ályktunum. Næsti hringur. Endurtekning ferlis. Annar stjórnandi er valinn og ferlið endurtekið þar til lokið er við að lesa allt efnið. Samskipti nemenda og kennara þurfa að vera sem eðlilegust og þátttaka annarra nemenda í umræðum er æskileg.

12.4 SSLSR-aðferðin

1. **þrep:** Texti er skoðaður. Nemandinn skoðar myndir, fyrirsagnir og feitletranir í kaflanum eða kaflahlutanum sem lesa á.

2. **þrep:** Spurninga er spurt. Nemandinn spyr “kennaralegra” spurninga t.d. út úr hverri efnisgrein. Hann styðst við millifyrirsagnir og segir hvers hann var vísari.

3. **þrep:** Textinn er lesinn. Nemandinn les textann til að svara spurningunum.

4. **þrep:** Sagt frá efni textans. Nemandinn segir munnlega og með eigin orðum frá efninu sem lesið var.

5. **þrep:** Efnið rifjað upp. Nemandinn rifjar upp efnið með aðstoð spurninga.

12.5 KVL-aðferðin – Kann – Vill vita – Hef lært

Þessi aðferð er svipuð og þær tvær sem sagt er frá hér að framan.

1. **þrep:** Það sem nemendur kunna.

a) Nemendur fá eyðublað til að fylla inn á það sem þeir kunna. Þessu þrepi er ætlað að virkja fyrri þekkingu nemenda í gegnum hugflæði [að láta hugann reika um sem flest atriði varðandi hvert viðfangsefni].

b) Nemendur flokka atriðin, finna heiti flokka og spá fyrir um fróðleiksflokka sem þeir kunna að finna í textanum. Þessar flokkanir verka sem hvati fyrir frekari fróðleik og áhuga á efninu.

2. **þrep:** Það sem nemendur vilja vita.

a) Kennari leiðir umræður til að hjálpa nemendum að draga saman upplýsingar og búa til spurningar tengdar efninu. Kennari skrifar spurningar á töflu eða á veggblað. Á þann hátt deila nemendur með sér þekkingu. Nemendur fylla út sitt eigið valblað

b) Nemendur lesa textann. Skipta þarf textanum í viðráðanlega kafla.

3. þrep: Það sem nemendur hafa lært.

Skráning á því sem nemendur hafa lært af lestrinum. Bekkurinn gerir þetta sameiginlega og kennari skráir á veggblaðið en nemendur skrá einnig persónulega á eigið blað hvað þeir hafa lært. Megintilgangur þessa hluta aðferðarinnar er sá að nemendur deili með sér fróðleik og að lesturinn hafi sýnilegan tilgang.

12.6 Hugtakakort

Unnið er með hugtakakort í öllum árgöngum Njarðvíkurskóla. Hugtakakortin eru ekki hugsuð sem viðbótarnámsefni **heldur námstækni** við að tileinka sér efni á árangursríkan hátt. Þegar unnið er með hugtakakort reynir á færni nemenda til að draga út meginhugtök texta og raða þeim síðan upp á skipulegan og rökrænan hátt. Hugtakakortin eru misflókin eftir aldri nemenda og eðli texta sem unnið er með. Eftirfarandi er einföld samantekt á því hvernig er unnið með hugtakakort í skólanum:

Tveir til fjórir nemendur mynda hóp sem vinnur sameiginlega að gerð hugtakakorts.

Aðferð:

1. Textinn lesinn.
2. Hugtök og dæmi eru skrifuð á miða.
3. Hugtakamiðunum er raðað á stóra örk.
4. Bæta við hugtökum ef þarf (t.d. yfirhugtök).
5. Hugtökin eru tengd saman.
6. Skrifa á tengilínur.
7. Raða dæmum við hugtökin.
8. Kortið er yfirfarið með gagnrýni og leiðrétt ef þarf
9. Endurrita kortið á blað, teikna hringi og línur.

12.7 Merking orða út frá samhengi


Efling orðaforða er mjög mikilvæg og er þá verið að kenna og ræða ákveðin orð í texta fyrirfram, skoða merkingu þeirra, orðhluta og skyld orð. Aðferðin er notuð með bókmenntatextum sem nemendur lesa.

12.8 Kennsluáætlun í lesskilningi fyrir skólaárið 2018-2019

Bekkur	Aðferð	Leiðbeiningar
1.	K-PALS - sambætt aðferð með lesfimiáherslu Samræðulestur:tal- og hlustunarskilningur Orsaka og merkingartengsl:ályktunarhæfni Tilfinningaleikurinn:ályktunarhæfni Að gera sér í hugarlund:ályktunarhæfni Bókagerð:greina aðalatriði í texta Að skilgreina orð og hugtök:orðaforði	Námskeiðsgögn Eflum lesskilning bls.117 Eflum lesskilning bls.120 Eflum lesskilning bls.121 Eflum lesskilning bls.119 Eflum lesskilning bls.142 Eflum lesskilning bls.152
2.	K-PALS - sambætt aðferð með lesfimiáherslu Álykta um merkingu óþekktra orða:ályktunarhæfni Ekki finnast svö við öllum spurningum: spyrja spurninga Því meira sem við lærum...:spyrja spurninga Greina aðalatriði og gera samantekt: greina aðalatriði í texta Orðavefur-samsett orð: orðaforði Orða-bak-forði: orðaforði	Námskeiðsgögn Eflum lesskilning bls.123 Eflum lesskilning bls.137 Eflum lesskilning bls.135 Sameign Eflum lesskilning bls.146 Eflum lesskilning bls.157 Eflum lesskilning bls.171
3.	K-V-L þegar ég verð strand: spyrja spurninga Álykta út frá bakgrunnspækkingu: ályktun Að hlusta á innri rödd: námsvitund Að greina klifun: námsvitund Skrá mikilvægar upplýsingar: greina aðalatriði í texta Orð með svipaða merkingu: orðaforði Að spyrja höfundinn: þjálfunaraðferðir margir	Eflum lesskilning bls.186 Eflum lesskilning bls.125 Eflum lesskilning bls.127 Eflum lesskilning bls.131 Eflum lesskilning bls.143 Eflum lesskilning bls.159 Eflum lesskilning bls.195
4.	Að lesa, skrifa, spjalla: námsvitund Spurningavefur: spyrja spurninga Gera samantekt: að greina aðalatriði í texta Álykta út frá merkingu og samhengi: orðaforði Rót vikunnar: orðaforði Nákvæm greining-viðara samhengi: viðmeiri aðferð Gera sér í hugarlund:ályktunarhæfni Þegar ég verð strand: námsvitund	Eflum lesskilning bls.129 Eflum lesskilning bls.139 Eflum lesskilning bls.149 Eflum lesskilning bls.166 Eflum lesskilning bls.163 Eflum lesskilning bls.181 Sameign Sameign
5.	PALS-Félagastuðningur í lestri: sambætt aðferð með lesfimi- og lesskilningsáherslu.	Námskeiðsgögn
6.	Samantekt-samvinna:greina aðalatriði í texta Orðavefur-forskeyti-rót-stofn: orðaforði Álykta út frá merkingu orða og sannprófa: orðaforði Ég hef orðið-hver hefur merkinguna: orðaforði Hugsa upphátt: viðmeiri aðferð	Eflum lesskilning bls.148 Eflum lesskilning bls.154 Eflum lesskilning bls.167 Eflum lesskilning bls.168 Eflum lesskilning bls.175
7.	Greina orðhluta-merking og hlutverk:orðaforði Taka viðtal við orð: orðaforði	Eflum lesskilning bls.161 Eflum lesskilning bls.17
8.-10.	Fjölbreyttar kennsluáðferðir í lesskilningi	

13 Hlustunarskilningur

Hlustunarskilningur vísar til skilnings á töluðu máli sem er skynjaður í gegnum hlustun. Börn þurfa að ná tökum á hlustunarskilningi og umskráningu orða (word recognition) og því er ekki hægt að tala um virkan lestur nema þessi tvö ferli vinni saman (Hoover og Gough, 1990). Einfalda lestrarlíkanið „The Simple View of Reading“ (sjá hér fyrir neðan) gerir ráð fyrir að umskráning og málskilningur geti verið ótengdir þættir ef lestrarfærni er ekki til staðar. Kenningin rennir stoðum undir þá vitneskju að dyslexía stafi meðal annars af erfiðleikum við að umskrá orð. Einnig hefur kenningin greint nemendur með mjög góða færni í umskráningu en slakan málskilning. Það leiðir til vanda við að skilja það sem lesandinn umskráir, eða lesskilningsvanda. Það staðfestir að skilningur og umskráning þurfa að vera jafngild til þess að virkur lestur geti átt sér stað. Lesskilningur verður því aðeins góður ef báðir þættirnir umskráning og málskilningur virka fullkomlega (Hoover og Gough, 1990).




Steinunn Torfadóttir. 2007. Lesvefurinn: Um læsi og lestrarörðugleika.

14 Stafsetning

14.1 Þróun stafsetningarkunnáttu í fimm stigum

Þróun stafsetningarkunnáttu barna



Miðað er við að barn byrji að fíkta við að skrifa stafi eftir framburði um fimm ára aldur en sé nokkurn veginn fullnuma í stafsetningu við lok grunnskóla, 16 ára. Frá þessu eru að sjálfsögðu undantekningar og margir glíma við stafsetningu á fjórða og fimmta stigi fram á fullorðinsár.

- | | | |
|------------------|-------------------------|------------------------|
| 0 Forstig | 2 Almennt rithefðarstig | 4 Setningarstig |
| 1 Framburðarstig | 3 Orðhlutastig | 5 Sérækt rithefðarstig |

Heimild: <http://lesvefurinn.hi.is/node/180>

Nemendur í 4.-10. bekk taka tvö stafsetningarpróf á skólaárinu í nóvember og maí.

15 Ritun

Kennsla í ritun hefst um leið og lestrarkennslan og unnið er að umskráningu í báðar áttir, þ.e. frá bókstaf til hljóðs (lestur) og frá hljóði til bókstafs (ritun). Það þarf að leggja áhersla á að kenna og þjálfar nemendur markvisst í þeirri fjölbreyttu færni sem ritun krefst. Það felur m.a. í sér að skoða markmið texta, ólíkar textagerðir, uppbyggingu texta, framsetningu, málsnið, orðaforða og rétttritun. Lestur og ritun eru tvær hliðar á sama peningi, því fjölbreyttari texta sem nemendur lesa því auðveldara eiga þeir með að skrifa slíka texta og öfugt.

15.1 Sjö mismunandi tegundir ritunar

Frásögn	Skýrsla	Útskýringar	Leiðbeiningar	sannfærandi	rökræður	Skapandi ritun
Minningar mínar frá síðasta sumri/ vetri /hausti o.s.fr. Segja frá ferðalagi að vetri/sumri Notaðu myndir til að styrkja frásögnina.	Búa til bók um þá árstíð t.d. sem þau eiga afmæli í. Bók sem sem fjallar um staðreyndir sumarsins / vetrarins/ vorsins/haustsins. Gerðu skýrslu um einn skóladag í ágúst/ júní Lýsa tréi gegnum mismunandi árstíðar. Getur líka verið myndrænt. Árstíða spæjari: Vísbendingar – geta þau giskað hvaða ársíð er?	Útskýrðu hvernig snjór verður til. Útskýrðu hvað dýrin gera til að lifa af veturinn	Leiðbeiningar um hvernig búa á til ís. Hvernig kveikja á varðeld. Hvernig á að klæða sig fyrir mismunandi veður Hvernig á að búa sig fyrir ferðalag að vetri/sumri. Leikir sem hægt er að fara í á sumrin / veturna o.s. fr.	Auglýstu tjald til sölu Auglýsing sem á að sannfæra aðra um að fódra fuglana Auglýsing um skíðaferð, sólarlandaferð.	Færa rök fyrir uppáhalds árstíðinni sinni. Væri gott að búa í landi þar sem alltaf væri heitt, eða alltaf væri kalt, eða er betra að búa þar sem maður fær mismunandi veður. Hvort er betra að ferðast í húsbíl eða tjaldi. Kostir/gallar.	Gera ljóð um veðrið Hvernig flúðum við þegar jörðin fór á flot. Hvað gerðist þegar vindurinn feykti mér í burtu

Unnið út frá fyrirmynd frá Jenný Gunnbjörnsdóttur, Miðstöð skólaþróunar hjá Háskólanum á Akureyri.

15.2 Tafla fyrir ritun

Ritun	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. - 7 . bekkur	8.-10. bekkur
<i>Textavinna út frá myndum/hlustun</i>		X	X	X	X	X
<i>Hugtakakort</i>	X	X	X	X	X	X
<i>Uppbygging sögu</i>	X	X	X	X	X	X
<i>Myndasaga</i>	X	X	X	X	X	X
<i>Skapandi skrif; ljóð, leikrit o.fl.</i>	X	X	X	X	X	X
<i>Bókmenntatexti</i>					X	X
<i>Útdrættir</i>					X	X
<i>Endursagnir</i>					X	X
<i>Heimildaritun</i>					X	X
<i>Rökfærsluritun</i>					X	X
<i>Gagnrýni</i>						X
<i>Bréf/dagbók/ferðasögur o.fl</i>	X	X	X	X	X	X

16 Skrift

Skrift getur eftt margs konar færni. Hún hjálpar börnum sem eru á byrjunarstigi lestrarnáms að tengja saman réttan bókstaf/hljóð, þjálfar fínheyfingar, skerpir hugsun við hugmyndavinnu og getur hjálpað við að koma orðum að hlutum.

17 Matstæki -skimanir og próf

17.1 Um fyrirlögn og fyrirgjöf í lesfimiþrófi

Lesfimiþróf er notað til að finna út hve mörg orð nemandi les á mínútu. Taka skal tillit til nemenda með framburðargalla og þeirra sem stama. Prófandi situr fyrir aftan nemandann á meðan hann tekur prófið. Þessi aðferð kemur í veg fyrir að nemandinn verði fyrir truflun t.d. vegna skráningar kennara og klukku.

Unnið er úr niðurstöðum rafrænt í þar til gerðum gagnagrunni hjá Mennamálastofnun og eru niðurstöður birtar sem orð á mínútu en hægt er að fá fleiri tölulegar upplýsingar og myndrit sé þess óskað.

Nánari upplýsingar um fyrirlögn má fá hjá deildastjórum. Í niðurstöðum lesfimiþrófanna kemur fram hversu mörg orð nemandinn las á mínútu. Niðurstöður eru skráðar á Skólagátt og á Mentor.

17.2 Markviss skráning í skóla og eftirlit

Þeir sem sjá um að lestarþrófa í hverjum árgangi færa niðurstöður úr þrófum gagnagrunn Skólagátta. Þar sem allar niðurstöður er færðar inn á sama svæði og varðveittar er auðvelt að fylgjast með árangri hvers og eins nemanda á skólaárinu og milli árganga alla skólagönguna. Deildastjórar hafa eftirlit með því að þróf séu lögð fyrir og niðurstöður skráðar og eru kennurum innan handar ef þeir þarfnast aðstoðar og/eða stuðnings. Deildarstjóri yngra stigs sér um, ásamt umsjónarkennara, að leggja fyrir Lesskimun fyrir 1. bekk. Að auki sér deildarstjóri um að leggja fyrir hliðarþrófin sjónrænn orðaforði, orðleysulestur og nefnuhraða í 1. – 3. bekk og skráir niðurstöður.

17.3 Orðarún

Lesskilningsþrófið Orðarún er staðlað þróf sem lagt er fyrir 3. til 8. bekk tvisvar á skólaárinu. Þrófið hefur að geyma tvo samfellda texta og 10 spurningar í hvorum texta, sem skipt er í orðaforða-, ályktunar-og staðreyndaspurningar við hvorn texta. Þrófin eru notuð sem leiðsagnarþróf þannig að greina megi þá þætti sem hver og einn nemandi þarf að þjálfar betur. Skipulag íhlutunar er í höndum umsjónar- eða íslenskukennara.

17.4 Lilju próf

Æfingarpróf í lestri og lesskilningi eftir Lilju Guðsteinsdóttur. Þetta er ekki próf heldur hugsað sem æfing eða undirbúningur fyrir próf, þ.e. leiðsagnarmat fyrir 1. bekk. Æfinguna má leggja fyrir sama daginn eða skipta milli tíma eða daga.

17.5 Lesskimun fyrir 1. bekk

Prófið skimar lestrarfærni nemenda í 1. bekk og er lagt fyrir í október. Markmiðið er tvíþætt: Annars vegar að finna þá nemendur sem kunna að eiga við lestrarörðugleika að stríða þegar fram líða stundir og hins vegar að veita kennurum upplýsingar um einstaka nemendur svo hægt sé að haga kennslu við hæfi hvers og eins nemanda. Prófið er staðlað og byggir á mörgum þáttum og kannar bókstafaþekkingu, hljóðkerfisvitund og málþroska. Niðurstöður eru sendar til foreldra og þeir boðaðir til fundar ef nemandi er undir viðmiðum.

17.6 Sjónrænn orðaforði (lestur stakra orða)

Metur orðaforða sem nemandinn þekkir beint og getur lesið án þess að greina einstök hljóð orða. Lestur stakra orða gefur mjög greinilega til kynna hvort nemandi hefur vald á sjónrænum orðalestri. Þá er átt við að nemandi þekki orðin um leið og hann sér þau, lesi orðin hiklaust og án fyrirhafnar. Lestur stakra orða er mun meira krefjandi á þessa færni en lestur á samfelldum texta þar sem nemandi hefur ekki stuðning af samhengi textans. Nemandi sem ekki hefur góð tök á sjónrænum orðalestri hefur heldur ekki góð tök á lestækninni þar sem öflugur sjónrænn orðaforði er grunnurinn að góðri lesfimi.

17.7 Orðleysulestur

Lestur orðleysa er eitt besta mælitækið til að meta færni nemenda í umskráningu. Nemendur lesa stök „bullorð“ af lista á tíma.

17.8 Nefnuhraðapróf

Aðgengi og endurheimt á hljóðrænum upplýsingum, sem skráðar eru með ákveðnum hætti í minninu, er einn af undirþáttum lestrar og er óháður hljóðavitund og stafapekkingu. Nefnuhraði er mikilvægur forspárþáttur fyrir lesfimi.

17.9 Samræmd könnunarpróf

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008, skal leggja samræmd könnunarpróf fyrir 4., og 7. að hausti ár hvert. Meginhlutverk samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk er að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólum, upplýsingar um námsstöðu þeirra við upphaf skólaárs. Könnunarprófin eru lögð fyrir um miðjan september svo niðurstöður þeirra nýtist sem best í skólastarfinu. Þannig er tilgangi þeirra náð með sem skilvirkustum hætti. Markmið grunnskólalaga er lýtur að samræmdum könnunarprófum er að nota skuli niðurstöður prófanna við áframhaldandi kennslu út veturinn, enda gefa niðurstöðurnar vísbendingar um hvar nemendur hafa ekki náð að tileinka sér námsefnið eins og aðalnámskrá grunnskóla mælir fyrir um og hvernig skuli bregðast við árangri einstakra nemenda. Nemendur í 9. bekk taka samræmdu prófin í mars.

Dagsetningar samræmdra könnunarprófa veturinn 2018-2019

7. bekkur		
íslenska	fimmtudagur	20. september
stærðfræði	föstudagur	21. september
4. bekkur		
íslenska	fimmtudagur	27. september
stærðfræði	föstudagur	28. september
9. bekkur		
íslenska	þriðjudagur	12. mars
stærðfræði	miðvikudagur	13. mars
enska	fimmtudagur	14. mars

18 Lesskilningspróf

Skólinn leggur fyrir lesskilningspróf með samræmdum kröfum um árangur og mat.

Nemendur taka próf úr ólesnum texta (þ.e. geta ekki undirbúið sig).

Í 1.-6. bekk birtist lesskilningseinkunn á Mentor, 7.-9. bekk á einkunnablaði og á Mentor en í 10. bekk er lesskilningur hluti af íslenskueinkunn og birtist á Mentor.

Í 1. bekk taka nemendur tvö hlustunarskilningspróf og eitt lesskilningspróf. Hlustunarprófin eru leiðsagnarmat en lesskilningsprófið í maí er námsmat.

2. - 9. bekkur tekur fjögur lesskilningspróf á skólaárinu. Tvö próf eru leiðsagnarmat og tvö námsmat og gildir hærri einkunn ávallt sem lokaekunn.

Í 10. bekk eru þrjú lesskilningspróf á skólaárinu, tvö leiðsagnarpróf og eitt lokapróf.

Nemendur sem eru greindir með dyslexiu hafa rétt á að taka lesskilningsprófin sem hlustunarskilning með samþykki foreldri/forráðamanns. Á Mentor stendur þá hlustunarskilningur í stað lesskilnings.

Viðmið um árangur eru misjöfn eftir prófum og árgöngum (sjá Mentor). Nemendur fá einkunn í bókstöfum fyrir leiðsagnarmat/lesskilningspróf (A, B+, B, C+, C) hjá 1.-7. bekk og (A, B+, B, C+, C, D) hjá 8.-10. bekk.

19 Greiningarpróf

19.1 LOGOS (3. – 10. bekkur)

Prófið er tölvutækt greiningarpróf sem metur hvort nemandi er með leshömlun (dyslexíu) eða aðra lestrarörðugleika. Þættirnir greina færni í leshraða, lesskilningi, skilningi á hlustun, umkóðunar færni og annarri lestrartengdri færni. Flestir prófþættir eru metnir með tilliti til áreiðanleika og viðbragðsflýtis. Prófin eru stöðluð þannig að hægt er að meta niðurstöður í samanburði við viðmið jafnaldra. Niðurstöður prófanna er hægt að sjá í töfluformi og grafískum útfærslum sem sýna stöðu nemandans, bæði sterkar og veikar hliðar. Með þessu móti geta bæði foreldrar og sá sem er prófaður fylgst með framvindu lestrarnámsins.

Prófið er lagt fyrir markvisst og niðurstöðum skilað til skóla af kennslufræðingum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar, **sjá töflu;**

Fimmtudagur 30. ágúst	Skil á Logos	8. bekkur (9. bekkur)
Fimmtudagur 25. október	Logos endurmat	9. bekkur
Þriðjudagur 27. nóvember	Logos	6. bekkur
Þriðjudagur 22. janúar	Logos	3. bekkur
Miðvikudagur 20. febrúar	Logos endurmat	6. bekkur
Fimmtudagur 4. apríl	Logos	8. bekkur

19.2 TOLD 2P og 2I málþroskapróf

Sérkennarar og talmeinafræðingar leggja prófið fyrir einstaka nemendur. Það metur m.a. málþroska, málskilning og máltjáningu.

19.3 Hljóðfærni

Hljóðfærni er greiningarpróf sem ætlað er nemendum í 1. bekk grunnskóla sem teljast í áhættuhópi vegna lesblindu. Um er að ræða einstaklingspróf sem hefur það að markmiði að greina nánar hljóðkerfisvanda nemenda og bera saman við jafnaldra. Prófið er ítarlegt og tekur á mörgum þáttum hljóðkerfisvitundar. Hljóðfærni metur helstu þætti sem hafa áhrif á lestrarnám eins og rím, samtengingu, sundurgreiningu, hljóðgreiningu og orðhlutaeyðingu.

20 Sérkennari

Sérkennari fylgist með nemendum þar sem framvinda í lestrarnámi gengur hægt og endurprófar nemendur eftir þörfum. Nemendur taka oftast sömu lesfimiþróf og lögð eru fyrir nemendur í sama árgangi. Þau próf eru stöðluð (MMS) þannig að hægt er að sjá niðurstöður bornar saman við jafnaldra. Íhlutun með stuðningskennslu er alltaf í samvinnu við foreldra og kennara. Ef grunur vaknar um sértækan lestrarvanda er hægt að óska eftir nánari athugun með LOGOS-skimun. Fræðsluskrifstofa Reykjaneshæjar veitir skólanum ráðgjöf og þar á meðal greiningu á málþroska. Sérkennarar styðja við aðra kennara skólans og leita leiða við að koma sem best til móts við hvern nemanda þar sem hann er staddur.

21 Lestrarsprettur

Lestrarsprettir eru fastir dagskrárliðir í skólastarfinu. Markmið með lestrarspretti er að auka áhuga nemenda á bókmenntum og um leið, lesfimi og lesskilning. Samvinna við starfsmann bókasafnsins er mikilvæg þar sem hann kemur með einum eða öðrum hætti að framkvæmd lestrarsprettisins. Lestrarsprettur er tvisvar á skólaárinu,

- 30. október – 9. nóvember 2018
- 4.-14. febrúar 2019.

22 Tölvur/Ipad, kennsluforrit

Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að Internetið verði notað í kennslu í auknum mæli, enda eru tölvur og tækni partur af lífinu í dag. Tölvur eru ekki einungis tæki til að afla þekkingar og færni á ýmsum sviðum, heldur einnig til mótunar og sköpunar. Mikilvægt er að skólar móti ákveðna stefnu um notkun tölva og netsins í skólanámskrá í samræmi við Aðalnámskrá. Löngu er viðurkennt að tölvur í skólastarfi er eitt af þeim kennslutækjum sem þykja sjálfsögð. Tölvan býður upp á óteljandi möguleika sem kennslutæki og ber okkur að nýta þá vel. Mikill fjöldi kennsluforrita er til á netinu og hefur Menntamálastofnun gefið út skrá þar sem kennsluforrit eru flokkuð eftir vélbúnaði, skólastigi og námsgreinum. Spjaldtölvur eru verkfæri í skapandi skólastarfi. Þær geta veitt aðgang að frekara lestrarefni, bjóða upp á fjölbreyttari úrvinnslu á námsefninu ásamt því að auka lestraráhuga nemenda. Spjaldtölvur er hægt að nýta sem einstaklingstæki í lestri.

23 Upplestrarkeppni

23.1 Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk

Nemendur taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin er ár hvert. Markmið keppninnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Stóra upplestrarkeppnin hefst formlega á Degi íslenskra tungu. Allir nemendur taka þátt í ræktunarhlutanum og æfa upplestur á texta og ljóðum. Á lokahátíð skólans eru fulltrúar valdir til þess að taka þátt í keppni milli skóla við hátíðlega athöfn í Duushúsum eða í skólum nærliggjandi sveitarfélaga. Allar upplýsingar um upplestrarkeppnina má finna á heimasíðu Radda, <http://upplestur.hafnarfjordur.is/> samtaka um vandaðan upplestur og framsögn.

23.2 Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

Nemendur í 4. bekk taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni en hún hófst í Hafnarfirði haustið 2010 og byggir á markmiðum Stóru upplestrarkeppninnar sem haldin er reglulega í 7. bekk. Meginmarkmið keppninnar er að nemendur flytji íslenskt mál sjálfum sér og öðrum til ánægju og að þeir hafi vandvirkni og virðingu að leiðarljósi við flutninginn. Keppnishugtakið felur eingöngu í sér það markmið að keppa við sjálfan sig, að verða betri í dag enn í gær. Litla upplestrarkeppnin hefst formlega á Degi íslenskrar tungu og henni lýkur í apríl með hátíð í skólanum þar sem foreldrum og öðrum góðum gestum er boðið að koma og hlusta á nemendur flytja ljóð og sögur. Undirbúningur og framkvæmd er í höndum umsjónar- og íslenskukennara.

24 Lestrarömmur og afar

Lestrarömmur og afar aðstoða nemendur við lesturinn. Þau hlusta á nemendur lesa og veita endurgjöf. Einstaka nemendur eiga ekki ömmur eða afa og njóta þess að fá að spjalla við ömmu/afa um heima og geima. Tilgangurinn er að efla læsi og lestrarþjálfun en einnig að brúa bil kynslóðanna.

26 Lesferill

Lesferill er staðlað matstæki sem gefið er út af Menntamálastofnun. Lesferill metur grunnþætti læsis, veitir upplýsingar um framvindu í lestrarnámi og gefur vísbendingar um lestrarerfiðleika. Lesferill inniheldur fimm tegundir prófa: Lesskimun fyrir 1. bekk sem prófar hljóðkerfisvitund, bókstafaþekkingu, umskráningu og málskilning. Lesfimi A og B eru raddlestrarpróf fyrir 1.–10. bekk sem prófa hraða og nákvæmni við lestur. Viðmið um leshraða hafa verið gefin út af Menntamálastofnun, miðað er við fjölda lesinna orða á mínútu.

26.1 Hliðarpróf lesferils

- Sjónrænn orðaforði er lestrarpróf sem prófar færni í ritháttarlestri.
- Orðleysulestur er lestrarpróf sem prófar færni í umskráningu.
- Nefnuhraði er próf sem reynir á færni í að nefna þekkta hluti/tákn hratt.

27 Yfirlit yfir lesfimi- og lesskilningpróf

27.1 Lesfimipróf

Stöðluð lesfimipróf fyrir 1.-10. bekk, tvö fyrir hvern árgang (A-B-A-próf) eru lögð fyrir í september, janúar og maí.

Útskýring á matstáknum. Viðmið við lok skólaársins (maí).

1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur
Rétt lesin orð á mínútu:	Rétt lesin orð á mínútu:	Rétt lesin orð á mínútu:
Uv = færri en 20.	Uv = færri en 39.	Uv = færri en 54.
V1 = 20-54.	V1 = 40-84.	V1 = 55-99.
V2 = 55-74.	V2 = 85-99.	V2 = 100-119.
V3 = 75 eða fleiri.	V3 = 100 eða fleiri.	V3 = 120 eða fleiri.

4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur
Rétt lesin orð á mínútu:	Rétt lesin orð á mínútu:	Rétt lesin orð á mínútu:
Uv = færri en 79.	Uv = færri en 89.	Uv = færri en 104.
V1 = 80-119.	V1 = 90-139.	V1 = 105-154.
V2 = 120-144.	V2 = 140-159.	V2 = 155-174.
V3 = 145 eða fleiri.	V3 = 160 eða fleiri.	V3 = 175 eða fleiri.

7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur
Rétt lesin orð á mínútu:	Rétt lesin orð á mínútu:	Rétt lesin orð á mínútu:
Uv = færri en 119.	Uv = færri en 129.	Uv = færri en 139.
V1 = 120-164.	V1 = 130-179.	V1 = 140-179.
V2 = 165-189.	V2 = 180-209.	V2 = 180-209.
V3 = 190 eða fleiri.	V3 = 210 eða fleiri.	V3 = 210 eða fleiri.

10. bekkur

Rétt lesin orð á mínútu:

Uv = færri en 144.

V1 = 145-179.

V2 = 180-209.

V3 = 210 eða fleiri.

27.2 Lesskilningspróf 2018-2019

Leiðbeiningar

- Öll próf sem innihalda tvo texta á að leggja fyrir í tvennu lagi og ekki á sama degi.
- Hærri einkunn úr námsmatsprófi gildir sem lokaekinn hjá 2.-10. bekk.
- Niðurstöður úr leiðsagnarmati og námsmatsprófum á að færa inn í lesskilningur á **Mentor**.
- Hljóðskrár – lesskilningspróf fyrir 4.-10. bekk

Bekkur	Dagsetning	Heiti	Vægi
1. bekkur	janúar	Liljupróf	Leiðsagnarmat
	mars	Hlustunar-/lesskilningur 1A	Leiðsagnarmat
	maí	Lesskilningspróf 1	Námsmat
2. bekkur	október	2A – hlustunarskilningur	Leiðsagnarmat
	janúar	Lesskilningspróf 2	Námsmat
	mars	2B– hlustunarskilningur	Leiðsagnarmat
	maí	Lesskilningspróf 2	Námsmat
3. bekkur	október	Orðarún 1	Leiðsagnarmat
	janúar	Lesskilningspróf 3	Námsmat
	mars	Orðarún 2	Leiðsagnarmat
	maí	Lesskilningspróf 3	Námsmat
4. bekkur	október	Orðarún 1	Leiðsagnarmat
	janúar	Lesskilningur 4 (tveir textar úr samræmdu prófi)/Gudda	Námsmat
	mars	Orðarún 2	Leiðsagnarmat
	maí	Lesskilningur 4 (tveir textar úr samræmdu prófi)/Gudda	Námsmat
5. bekkur	október	Orðarún 1	Leiðsagnarmat
	janúar	Lesskilningur 5/Lesskilningur 5	Námsmat
	mars	Orðarún 2	Leiðsagnarmat
	maí	Lesskilningur 5/Lesskilningur 5	Námsmat
6. bekkur	október	Orðarún 1	Leiðsagnarmat
	janúar	Lesskilningur 6(texti úr samræmdu prófi)/ Pandan	Námsmat
	mars	Orðarún 2	Leiðsagnarmat
	maí	Lesskilningur 6(texti úr samræmdu prófi)/ Pandan	Námsmat

7. bekkur	október	Orðarún 1	Leiðsagnarmat
	janúar	Lesskilningur 7(texti úr samræmdu prófi)/ Vofan	Námsmat
	mars	Orðarún 2	Leiðsagnarmat
	maí	Lesskilningur 7(texti úr samræmdu prófi)/ Vofan	Námsmat
8. bekkur	október	Orðarún 1	Leiðsagnarmat
	janúar	Endurkoma loðfílanna/Peð á plánetunni jörð	Námsmat
	mars	Orðarún 2	Leiðsagnarmat
	maí	Endurkoma loðfílanna/Peð á plánetunni jörð	Námsmat
9. bekkur	október	Nærsýnum fjölgar stöðugt	Leiðsagnarmat
	janúar	Orðarúm 1	Námsmat
	apríl	Orðarúm 2	Leiðsagnarmat
	maí	Orðarúm 1	Námsmat
10. bekkur	október	Lesskilningur 10 (þrír textar úr samræmdu prófi)	Leiðsagnarmat
	janúar	Naflastrengurinn gefur fólki og annar texti án titils	Leiðsagnarmat
	maí	Orðarúm 1	Námsmat

28 Samfella milli skólastiga

Samstarf er á milli 1. bekkar og skólahóps leikskólans Gimlis þar sem hópurinn hittist reglulega yfir skólaárið í leik og starfi. Samstarfið hefst í september og hittast nemendur í skólanum/leikskólanum og vinna ýmis verkefni einu sinni í mánuði allt skólaárið. Í skólanum fær skólahópurinn t.d. innsýn í stafainnlögn og lestrarskennslu.

29 Eftirfylgni

Lestrarstefna Njarðvíkurskóla var fyrst unnin fyrir skólárið 2011 - 2012 af Drífu Gunnarsdóttur og Helenu Rafnsdóttur. Síðan hefur lestrarstefnan verið þróuð og löguð að áherslum Njarðvíkurskóla og læsisstefnu Reykjanesbæjar á hverju skólaári. Hún tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla og Þjóðarsáttmála um læsi frá Mennta- og menningarráðuneytinu. Hlutverk lestrarstefnunar er fyrst og síðast að vera leiðbeinandi handbók fyrir kennara skólans. Helena Rafnsdóttir deildarstjóri yngra stigs uppfærði Lestrarstefnu Njarðvíkurskóla fyrir skólárið 2018-2019.

Helstu þættir stefnunnar eru kynntir fyrir kennurum í upphaf skólaárs til að auðvelda þeim að fylgja eftir prófum í lesfimi og lesskilningi, skimunum og viðburðum í sínum árgöngum.

Teymið er einnig til ráðgjafar fyrir kennara þegar þörf er á. Deildarstjóri kynnir áherslur og vinnulag um lestur með reglulegum hætti og heldur utan um árangur og framfarir. Lestrarstefnan er hluti af stefnu Njarðvíkurskóla og allir sem vinna við skólann bera sameiginlega ábyrgð á að fylgja henni og vinna samkvæmt henni. Ábendingum og spurningum má vísa til læsisteymis sem tekur þær fyrir á fundi og gerir úrbætur þegar þess gerist þörf. Teymisstjóri lestrarteymisins er Helena Rafnsdóttir

Lestrarstefna Njarðvíkurskóla er prentuð í tveimur eintökum sem liggja til kynningar í Njarðvíkurskóla og einnig fá allir íslenskukennarar skólans eintak af lestrarstefnunni.